



Varðar: Vatnsveituvegur - Endurnýjun stofnlagna vatnsveitu – umsókn um framkvæmdaleyfi


Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 14. janúar 2026, um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar á stofnlögn vatnsveitunnar sem liggur norðan megin við Vatnsveituveg (Elliðamegin). Einnig var lagt fram teikningasett Eflu, dagsett í desember 2025, fundargerð og tölvupóstsamskipti með hagsmunaaðilum framkvæmdarinnar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.



Lykilmýnd úr teikningahefti

Skipulagsleg staða

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða flutningskerfi hitaveitu.

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er umrætt framkvæmdasvæði í borgarhluta 6. Breiðholt inni á opnu svæði, OP4 – Elliðaárdalur. OP4 er skilgreint sem borgargarður skv. aðalskipulagi en um þá segir:

Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi.

Í viðauka 10 við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er fjallað um veitur og vatnsvernd í tengslum við forsendur í skipulagi.

Um veitur segir m.a. : „Veitur ohf. (dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur) sjá um rekstur stofn- og dreifikerfis rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í Reykjavík og að hluta til í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sem hluta af þeim rekstri þurfa Veitur að tryggja þjónustu við notendur með nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun veitukerfanna, þ.e. lagna og strengja neðanjarðar og mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka, dælustöðva og hreinsistöðva vatnsmiðla.“ Ennfremur segir í kafla um Veitur: „Jafnframt kalla framkvæmdir á þegar uppbyggðum svæðum á þörf á færslu fyrirbyggjandi mannvirkja.“



Fyrir hendi er B-hluti aðalskipulagsins, þ.e. B2: Skapandi borg – forsendur og skýringar. B-hluti aðalskipulags er leiðbeinandi forsendur og skýringargögn. Megin forsendur, hugmyndafræði og áherslur sem eru leiðbeinandi og höfð til hliðsjónar við frekar breytingar á aðalskipulaginu, túlkun hinnar bindandi stefnu og eftir atvikum við mótnun skipulags og ákvarðatöku á neðri stigum skipulagsgerðar.

Í B2 segir um vatnsveitu og vatnsvernd: „*Eftir því sem byggð þéttist og þörf fyrir heitt vatn eykst næstu ár og áratugi er gert ráð fyrir aukinni nýtingu Hellisheiðar- og Nesjavallavatns inn í höfuðborgina. Til þess þarf að leggja stofnæðar inn í borgina og byggja nýjar dælustöðvar.*“

Ennfremur segir: „*Á næstu árum er gert ráð fyrir talsverðri endurnýjun flutnings- og stofnæða enda eru þær víðar orðnar gamlar, bilanir nokkuð tíðar og mikilvægi lagna mikið. Slík endurnýjun er fyrirferðarmikil hverju sinni.*“

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag Elliðaárdals (endurskoðun) samþykkt í borgarráði 15. desember 2020 ásamt síðari breytingum.

Í deiliskipulagi segir m.a.: „Veitur reka hitaveitu í dalnum, en aðalæðar hitaveitu liggja í gegnum svæðið. Þar eru á svæðinu borholur þar sem jarðhiti hefur verið nýttur en flestar af þeim eru í nálægð við Stekkjarbakka og eru nokkrar holurnar innan skipulagssvæðisins. Framkvæmdir Veitna standa nú yfir í Elliðadal á árinu 2020 og er markmið þeirra framkvæmda að styrkja dreifikerfið með endurnýjun hitaveitu- og vatnslagna og nýjum háspennustrengjum“.

Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felur í sér endurnýjun á tæplega 80 ára gamalli stofnlögn vatnsveitunnar sem liggur norðanmegin við Vatnsveituveg (Elliðaármegin). Lögnin er orðin gömul og hana þarf að stækka til að tryggja flutning á neysluvatni til næstu 100 ára til íbúa og fyrirtækja í Reykjavík. Fyrirhugað er að leggja DN900 ductile lögn en hún er 90cm í þvermál. Svo stóra vatnslögn hafa Veitur ekki lagt í rúmlega 30 ár.

Framkvæmdin hefst á því að tré á áhrifavæði nýrrar lagnaleiðar verða felld ásamt því að hliðra til stórum grjótum í lagnaleiðinni. Að því loknu verður lagnaskurður grafinn og uppgrafið efni geymt eins og kostur er á svæðinu. Sandað verður undir kaldavatnslögn og hún lögð í skurðinn. Að því loknu verður sandað yfir og uppgrafinn jarðvegur endurnýttur til að fylla ofan á lögn. Gróðurþekja verður endurnýtt eins og kostur er til að leggja ofan á skurðsár. Meðfram Vatnsveituvegi er skurður sem drenar svæðið og verður hann endurmótaður öðru hvoru megin við nýja vatnsveitulögn.

Helstu áhrif á framkvæmdatíma: Á framkvæmdatíma verður Vatnsveituvegur notaður fyrir umferð vinnutækja og ekki aðgengilegur reiðmönnum eða veiðimönnum á bíl. Önnur umferð ökutækja er almennt óheimil á veginum og er skilti til staðar í dag við bílastæði sem bannar innakstur.

Fella þarf töluvert af trjám sunnan Vatnsveituvegar (Breiðholtsmegin) sem eru í lagnaleiðinni og tré sem standa næst lagnaskurði. Þvera þarf göngu- og hjólastíg en annað hvort verða settar upp brýr eða bráðabirgðaleið útbúin með hörðu yfirborði.

Hagsmunaaðilar: Samtal hefur verið tekið við aðila hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur, Hestamannafélaginu Fák og Minjastofnun til að upplýsa um verkefnið, áhrif þess og framkvæmdatíma. Áður nefndir aðilar gera ekki athugasemd við framkvæmdina. Meðfylgjandi er umsögn MÍ og fundargerðir af fundum okkar með SVFR og Fák. Fornleifar eru á svæðinu en Minjastofnun gerir ekki athugasemd við að ný stofnlögn vatnsveitu muni liggja innan friðhelgunarsvæðis fornleifa eins og segir í umsögn þeirra. Búið er að kynna framkvæmdina fyrir Garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar og Skógarverði sem gera ekki athugasemd við lagnaleiðina og fyrirhugaða trjáfellingu.



Reykjavík



Umsögn og niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd, þ.e. endurnýjun á stofnlögn vatnsveitunnar sem liggur norðan megin við Vatnsveituveg (Elliðamegin). Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um endurnýjun lagna. Framkvæmdin er á viðkvæmu hverfisvernduðu svæði þar sem taka þarf tillit til gróðurs og lífríkis.

Í aðalskipulagi eru árnar og nánasta umhverfi þeirra hverfisverndaðar en auk þess nýtur svæðið næst Elliðaánnum hverfisverndar í deiliskipulagi. Hverfisvernd getur verið af sagnfræðilegum, menningarlegum eða líffræðilegum ástæðum og er ætlað að vernda þau atriði sem eiga þátt í að skapa hverfinu sérstöðu og móta ímynd þess og anda. Innan svæða þar sem er í gildi hverfisvernd þarf að sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir, í þessu tilfelli til að valda ekki óæskilegu raski á lífríki, gróðri og minjum innan dalsins.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdatími: Áætlað er að framkvæmdir hefjist í byrjun júní 2026 og ljúki í desember 2026.

Framkvæmdaleyfið er í gildi frá 2. apríl 2026 til áætlaðra verkloka, 31. júlí 2026. Verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Ganga skal frá framkvæmdastað sem næst því ástandi sem var fyrir framkvæmdir.
- Ganga skal frá jarðvegssárum þannig að gróður þeirra verði sem líkastur því sem var fyrir framkvæmdir, ýmis með fræsáningu eða með því að tyrfa yfir jarðvegssár.
- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu. Frávik skulu skráð.
- Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma, ef ekki skal sækja um nýtt framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir

verkefnastjóri



Reykjavík